Kópavogsbær
Digranesvegur 1
200 Kópavogur
Sími 441 0000
kopavogur.is

Lokaskýrsla vegna styrks úr Forvarnasjóði Kópvogs

Heiti verkefnis: Rafíþróttaver í Jemen

Markmið verkefnis:
Að koma upp rafíþróttaveri í félagsmiðstöðinni Jemen sem staðsett er í Lindaskóla.

Meginmarkmið verkefnisins er að sporna við félagslegri einangrun unglinga, virkja þátttakendur í hópastarfi undir leiðsögn fagfólks og gefa þeim möguleika á að stunda áhugamál sitt í öruggu, uppbyggilegu og jákvæðu umhverfi með jafningjum.

Markhópur verkefnisins eru unglingar sem taka öllu jafna ekki þátt í skipulögðum frístundum. Verkefnið stefnir að því að auka félagsþroska, fræða þátttakendur um heilbrigðan lífsstíl, heilbrigða tölvu- og nethætti og mikilvægi uppbyggilegra frístunda.

Staða verkefnis:
Verkefnið var háð því að fundið yrði rými innan veggja Lindaskóla til þess að setja upp rafíþróttaverið. Rýmið er fundið og búið að undirbúa það fyrir komu búnaðar. Tilboð er komið í búnaðinn og miðað við gang mála verður nýju rafíþróttaveri í Jemen startað í byrjun nóvember 2023. Styrkurinn verður fullnýttur og mun félagsmiðstöðin brúa bilið til að við getum haft fullbúið herbergi.

Hverju hefur verkefnið skilað:
Spenningur er hjá unglingum sem sækja Jemen fyrir komandi rafíþróttaveri.

Framtíð verkefnis og/eða innleiðing
Verkefnið fer vonandi hratt af stað eftir að búnaðurinn mætir í hús og er fyrirhugað að hefja rafíþróttaklúbb strax þegar það er tilbúið. Innleiðing mun því hefjast strax.

Hvernig uppfyllir verkefnið áherslur sjóðsins:
Hún bíður unglingum í Lindahverfi upp á aðstöðu til þess að stunda tómstund sem hefur hingað til ekki verið í boði, rafíþróttir. Forvarnarlegt gildi frístundastarfs er eins og allir vita mikilvægt, og mun rafíþróttaverið bætast í þá flóru sem nú þegar er til staðar í Jemen. Með aðstöðu rafíþróttavers í Jemen þá er það okkar von um að við getum bætt andlega líðan, og dregið úr einangrun unglinga með því að gefa þeim tækifæri á að stunda áhugamál sitt í jákvæðu og uppbyggjandi umhverfi með jafningjum.

Dagsetning: 28.09.23.

Félagsmiðstöðin Jemen
Styrkþegi

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11.2026

Skjal sótt af '0000000000' dags: 10.11 2026